

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/9/ESB

2014/EES/54/35

frá 18. október 2013

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý og kadmíum í málmtengi sem búa til ofurleiðandi segulrásir í neðum segulómtækja (MRI), ofurleiðnisegulmæla (SQUID), kjarnsegulómsefnagreina (NMR) eða Fourier-vörpunarmassagreina (FTMS), í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinnna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs og kadmíums í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.
- 2) Gildandi undanþága nr. 12 nær eingöngu yfir nema segulómtækja (MRI) og ofurleiðnisegulmæla (SQUID) en einnig þarf undanþágu fyrir undirflokk 9, notkun í iðnaði.
- 3) Sem stendur er ekki unnt að skipta út blýi og kadmíumi eða taka þau út þegar um er að ræða nema segulómtækja (MRI), ofurleiðnisegulmæla (SQUID), kjarnsegulómsefnagreina (NMR) eða Fourier-vörpunarmassagreina (FTMS).
- 4) Prófun á áreiðanleika og hæfi annarra lausna tekur tíma.
- 5) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 9.1.2014, bls. 61. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

VIÐAUKI

Í stað 12. liðar IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB komi eftirfarandi:

- „12. Blý og kadmíum í málmtegi sem búa til ofurleiðandi segulrásir í nemum segulómtækja (MRI), ofurleiðnisegulmæla (SQUID), kjarnsegulómsefnagreina (NMR) eða Fourier-vörpunarmassagreina (FTMS).
Fellur úr gildi 30. júní 2021.“
-